

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir,
landslagsarkitekt
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
04 JUNI 2010 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júní 2010
Tilvísun: UST20100600022/bs

Deiliskipulag - rannsóknarholur í Krýsuvík. Umsögn

Vísað er til erindis Hafnarfjarðarbæjar dags. 3. júní sl. þar sem óskað er umagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Umræddar rannsóknaboranir eru taldar í samræmi við auglýsingu Stj.tíð. B, nr. 520/1975 um fólkvang á Reykjanesi.

Í skilmálum í tillögu að deiliskipulagi segir m.a.: "*Huga skal sérstaklega að því hvernig hagræða megi uppsetningu búnaðarvegna borframkvæmda með það að markmiði að halda stærð borteigs í lágmarki. Raskað land eða sár í landi skal lagfæra með efni áþekku því sem liggur að borteig. Útfærsla borteigs skal miða við að hægt verði að ganga frá teignum að loknum framkvæmdum þannig að yfirborð hans verði áþekkt aðliggjandi svæði. Þessi frágangur borteigs verði viðhafður óháð niðurstöðum rannsókna.*"

Umhverfisstofnun telur að ef mannvirkjagerð og frágangur verða samkvæmt ofangreindum skilmálum ætti að vera unnt að draga nokkuð úr sjónrænum áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Ekki er talið að umhverfisáhrif deiliskipulagstillögu verði önnur en fram komu við könnun á matsskyldu fyrirhugaðra rannsóknaborana í Krýsuvík.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umhverfisskýrslu deiliskipulagstillögunnar.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Halti J. Guðmundsson

Halti J Guðmundsson
Sviðsstjóri